



ÚRSKURÐARNEFND
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA
2021

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is www.urvel.is

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála	6
Málafjöldi	7
a) Fjöldi mála 2021	7
b) Fjöldi mála 2016–2021	8
Málaflokkar	9
a) Almannatryggingar	9
b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	11
c) Barnavernd	11
d) Félagsþjónusta og húsnæðismál	13
e) Fæðingar- og foreldraorlof	15
f) Greiðsluaðlögun	16
Málsmeðferðartími	17
Ýmsar upplýsingar	18
a) Fjármál	18
b) Umboðsmaður Alþingis	18
c) Ýmsar tölfraðilegar upplýsingar	19
1. Afgreiðsla heildarfjölda mála	19
2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum	20

Ávarp formanns

Mikilvægi úrskurðarnefndar velferðarmála felst í því að hinn almenni borgari hefur tækifæri til að óska eftir endurskoðun á ákvörðun stjórnvalds sem viðkomandi er ekki sáttur við. Það sem einnig skiptir miklu máli og auðveldar kæranda ákvörðun um að kæra er að meðferð málsins hjá nefndinni er kærendum að kostnaðarlausu.

Eins og undanfarin ár þá fjölga kærum hjá úrskurðarnefndinni milli ára. Á árinu 2020 bárust 679 mál og á árinu 2021 bárust 703 mál og hefur fjöldi mála aldrei verið meiri frá stofnun nefndarinnar. Í málaflokkum sem varða atvinnuleysistryggingar og barnavernd varð mesta fjölgun milli ára. Í barnaverndarmálum bárust 25 kærur árið 2020, á árinu 2021 bárust 54 kærur, fjölgun mála varð því 116% milli ára. Kærum er varða atvinnuleysistryggingar fjölgaði um 15% milli ára eða úr 171 máli í 196 mál, en þegar undanfarin tvö ár eru skoðuð hefur þeim málum fjölgað um 176% eða úr 71 máli í 196 mál. Umrædd fjölgun kemur að miklu leyti til vegna þeirra áhrifa sem heimsfaraldurinn hefur haft á atvinnustarfsemi í landinu undanfarið.

Meira en helmingur kæra sem berast til nefndarinnar eru mál þar sem verið er að kæra ákvarðanir sem teknar eru hjá Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingum Íslands eða 363 kærur á árinu 2021. Fjöldi kæra vegna ákvarðana, sem teknar eru hjá fyrrnefndu stofnuninni, er 64% af framangreindum fjölda en 36% vegna ákvarðana sem teknar eru hjá Sjúkratryggingum Íslands. Ákvörðunum Tryggingastofnunar ríkisins er í 6% mála breytt og í 17% mála eru ákvarðanir felldar úr gildi. Ákvörðunum Sjúkratrygginga Íslands er í 7% mála breytt og í 8% mála er ákvörðun felld úr gildi. Þegar niðurstöður mála í öðrum málaflokkum eru skoðaðar kemur í ljós að 30% af ákvörðunum barnaverndarnefnda eru felldar úr gildi, 25% af ákvörðunum Reykjavíkurborgar og 50% af ákvörðunum annarra sveitarfélaga. Ákvarðanir Vinnumálastofnunar eru felldar úr gildi í 21% mála og ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs í 9% mála. Ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru í 8% tilvika felldar úr gildi. Þegar heildarfjöldi mála, sem afgreiddur var á árinu 2021, er yfirfarinn kemur í ljós að 56% ákvarðana sem kærðar eru til nefndarinnar eru staðfestar, það er rétt rúmlega helmingur afgreiddra mála.

Eins og kunnugt er var í flestum kjarasamningum sem undirritaðir voru veturinn 2019-2020 kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og styttingu vinnuvikunnar í allt að 36 vinnustundir á viku. Í byrjun ársins 2021 var sú breyting gerð að vinnuvikan var stytt í 36 vinnustundir á viku hjá starfsmönnum nefndarinnar.

Helstu markmið breytinganna voru umbætur á starfseminni, efling vinnustaðamenningar og síðast en ekki síst að auka samræmingu vinnu og einkalífs, án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustunnar. Skemmst er frá því að segja að umrædd breyting tókst vel til, merkja má meiri starfsánægju og almenna ánægju með þá breytingu sem gerð var. Umrædd breyting hefur svo sannarlega áhrif á einkalíf fólks þar sem meiri tími er nú til ráðstöfunar til að sinna áhugamálum og fjölskyldu. Ávinningurinn er gagnkvæmur, bæði vinnustaðurinn og starfsfólkið hafa notið góðs af styttingu vinnuvikunnar. Lögmálið er einfalt, ánægt starfsfólk gerir vinnustaðinn að betri stað til að starfa á, sem skiptir öllu máli þegar á heildarmyndina er litið.



Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er annars vegar skipuð fjórum nefndarmönnum sem skipaðir eru í fullt starf til fimm ára og hins vegar átta nefndarmönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn, sbr. 2. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Nefndina skipa:

Skipaðir í fullt starf:

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður
Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir lögfræðingur
Kári Gunndórsson lögfræðingur
Rakel Þorsteinsdóttir lögfræðingur

Aðrir nefndarmenn:

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur
Anna Rut Kristjánsdóttir lögfræðingur
Arnar Kristinsson lögfræðingur
Björn Jóhannesson lögfræðingur
Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur
Guðfinna Eydal sálfræðingur
Kristinn Tómasson læknir
Þórhildur Líndal lögfræðingur

Varamenn:


Ari Karlsson lögfræðingur
Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur
Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögfræðingur
Gunnar Sær Ragnarsson lögfræðingur
Helgi Viborg sálfræðingur
Jón Baldursson læknir
Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur
Unnþór Jónsson lögfræðingur

Málafjöldi

a) Fjöldi mála 2021

Á sjötta starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 703 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:


Kærur – málaflokkar	Fjöldi mála
Almannatryggingar	363
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	196
Barnavernd	54
Félagsþjónusta og húsnæðismál	63
Fæðingar- og foreldraorlof	22
Greiðsluaðlögun	4
Óflokkað	1
Samtals:	703



b) Fjöldi mála 2016–2021

Í neðangreindri töflu og súluriti eru upplýsingar um skiptingu kæra milli málaflokka frá 2016, þ.e. frá stofnun úrskurðarnefndarinnar fram til ársins 2021.

Kærur - málaflokkar	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Almannatryggingar	327	319	334	385	375	363
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	37	59	39	71	171	196
Barnavernd	32	23	17	37	25	54
Félagsþjónusta og húsnæðismál	56	45	39	50	80	63
Fæðingar- og foreldraorlof	18	17	12	9	18	22
Greiðsluaðlögun	36	20	9	7	8	4
Óflokkað	0	4	4	0	2	1
Samtals:	506	487	454	559	679	703





Málaflokkar

Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið framsend eða vísað frá.


a) Almannatryggingar

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvæðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Einnig úrskurðar nefndin í kærumálum á grundvelli 14. gr. laga nr. 74/2020 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.

Lög nr. 100/2007 um
almannatryggingar*




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

Lög nr. 99/2007 um félagslega
aðstoð*




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

Lög nr. 111/2007 um
sjúklingatryggingu*




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

Lög nr. 112/2007 um
sjúkratryggingar*



■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

Lög nr. 45/2015 um
slysatryggingar
almannatrygginga*




■ Staðfest ■ Breytt ■ Felld úr gildi

* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.


b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kæránlegartilúrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæránlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir, svo og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 24/2020 um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir.


Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir
Skipting mála




Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir
Niðurstöður úrskurða



Lög nr. 54/2006 um
atvinnuleysistryggingar




Lög nr. 24/2020 um tímabundnar greiðslur
vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví
samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda
án þess að vera sýktir



c) Barnavernd

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er hægt að kæra margvíslegar ákvarðanir barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.


Barnavernd:
Niðurstöður úrskurða




d) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur, og stjórnvaldsákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, eru kæranlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Félagsþjónusta og húsnæðismál:
Skipting mála




Félagsþjónusta og húsnæðismál:
Niðurstöður mála*




* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga*




Lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur



Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál



Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir




* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


e) Fæðingar- og foreldraorlof

Ný lög nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi þann 1. janúar 2021, samkvæmt lögunum er unnt að kæra til nefndarinnar ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Við gildistöku laganna féllu brott lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, sem héldu þó gildi sínu um rétt foreldra barna sem fæddust eða voru ættleidd eða tekin í fóstur fyrir 1. janúar 2021. Einnig eru kæranlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.


Fæðingar- og foreldraorlofsmál:
Skipting mála




Fæðingar- og foreldraorlofsmál:
Niðurstöður mála




Lög nr. 95/2000 um fæðingar-
og foreldraorlof



Lög nr. 144/2020 um fæðingar-
og foreldraorlof




Lög nr. 22/2016 um greiðslur
til foreldra langveikra eða
alvarlega fatlaðra barna



f) Greiðsluaðlögun

Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kæranlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Greiðsluaðlögun:
Niðurstöður úrskurða




Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmið úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp. Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2021 var að meðaltali 4,1 mánuður. Árið 2020 var meðaltalið 4 mánuðir, árið 2019 var meðaltalið 3,46 mánuðir, árið 2018 var meðaltalið 3,35 mánuðir, árið 2017 var meðaltalið 5,24 mánuðir og árið 2016 var meðaltalið 6,87 mánuðir.

Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali:

Málsmeðferðartími 2016-2021 í mánuðum



Ýmsar upplýsingar

a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar er markmiðið ávallt að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi.

Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2021 voru 204.100.000 krónur. Sértekjur og aðrar tekjur nefndarinnar voru alls 14.521.032 krónur. Alls voru því til ráðstöfunar á árinu 218.621.032 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2020 nam 212.008.658 krónur. Rekstrarafgangur var því 6.612.374 krónur.

b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2021 bárust úrskurðarnefndinni 17 erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í umræddum málum. Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar eða samtals átta mál, fjögur mál félagsþjónustu og húsnæðismál, þrjú atvinnuleysistryggingar og tvö barnavernd. Í lok árs var 12 málum lokið en fimm málum ólokið. Sjö málum lauk án aðgerða, þremur málum lauk með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar, tveimur málum lauk með ákvörðun úrskurðarnefndarinnar um að taka málin aftur upp að eigin frumkvæði.

Á árinu 2021 veitti umboðsmaður Alþingis álit í níu málum sem borist höfðu til úrskurðarnefndarinnar árið 2020, fimm málum lauk án aðgerða og fjórum málum lauk með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar. Einnig veitti umboðsmaður álit í þremur málum sem borist höfðu til úrskurðarnefndarinnar árið 2019 og lauk öllum málunum með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar.

Mál sem bárust árið 2021

Almannatryggingar	8
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	3
Barnavernd	2
Félagsþjónusta og húsnæðismál	4
Fæðingar- og foreldraorlof	0
Greiðsluaðlögun	0
Samtals	17

Afgreiðsla mála árið 2021

Málum lokið án aðgerða	7
Máli lauk með ábendingu til nefndarinnar	3
Úrskurðarnefndin tók mál upp í kjölfar álits umboðsmanns	2

Mál sem bárust árið 2020

Almannatryggingar	6
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	0
Barnavernd	0
Félagsþjónusta og húsnæðismál	3
Fæðingar- og foreldraorlof	0
Greiðsluaðlögun	0
Samtals	9

Afgreiðsla mála árið 2020

Máli lokið án frekari aðgerða	5
Máli lauk með ábendingu til nefndarinnar	4

Mál sem bárust árið 2019

Almannatryggingar	2
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	1
Barnavernd	0
Félagsþjónusta og húsnæðismál	0
Fæðingar- og foreldraorlof	0
Greiðsluaðlögun	0
Samtals	3


Afgreiðsla mála árið 2020

Máli lauk með ábendingu til nefndarinnar	3
--	---

c) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar

1. Afgreiðsla heildarfjölda mála


Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 735 mál á árinu 2021 með eftirfarandi hætti. Þar undir eru mál sem bárust árið 2021 svo og mál sem borist höfðu fyrir þann tíma en voru ekki afgreidd fyrr en á árinu 2021.




2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum

Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða árið 2021 eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:


Tryggingastofnun*




Sjúkratryggingar Íslands*




Barnaverndarnefndir



Fæðingarorlofssjóður




Húsnæðis- og mannvirkjastofnun




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.


Vinnumálastofnun




Umboðsmaður skuldara




Sýslumaðurinn á
höfuðborgarsvæðinu



Reykjavíkurborg



Önnur sveitarfélög*



* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

